

Dalvíkurbyggð  
Börkur Þór Ottósson  
Ráðhúsi Dalvíkur  
620 Dalvík

Reykjavík 13. október 2020  
UST202009-215/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Drög - Deiliskipulag - Fólkvangur í Böggvisstaðafjalli við Dalvík**

Vísað er til erindis sviðsstjóra umhverfis- og tæknisviðs Dalvíkurbyggðar er barst 21. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um drög að deiliskipulagi fyrir fólkvang í Böggvisstaðafjalli.

Tilgangur skipulagsvinnunnar er að móta stefnu fyrir framtíðaruppbyggingu og nýtingu fólkvangsins. Innan hans er skíðasvæði sveitarfélagsins, skógrækt og gott berjaland. Í deiliskipulaginu verður gerð grein fyrir uppbyggingu skíðasvæðisins, mörkum skógræktar, stígum o.fl.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við deiliskipulagsvinnu sé þess gætt að framtíðaráform rýri ekki verndargildi svæðisins. Þá þarf að hafa í huga að þættir, sem efla útivistarmöguleika svæðisins, geta á sama tíma rýrt verndargildi, t.d. getur berjaland spillst við skógrækt eða aðra ræktun/framkvæmdir.

Umhverfisstofnun bendir á að í auglýsingu um fólkvang í Böggvisstaðafjalli, Dalvíkurbyggð, dags. 31. janúar 2011, koma fram markmið og skilyrði er felast í friðlýsingu svæðisins og þarf við gerð deiliskipulags að taka fullt tillit til þeirra.

#### **Samráð**

Þar sem hér er um að ræða drög að deiliskipulagi fyrir fólkvanginn telur Umhverfisstofnun að þar sem mannvirkjagerð og jarðrask og hvers konar breytingar á landi eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar, sbr. friðlýsingarskilmála, sé nauðsynlegt að samvinna verði við stofnunina við frekari vinnslu og gerð deiliskipulagsins, sbr. 5.2.1 gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013.

Í 5.2.1 gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 segir að við gerð deiliskipulags skal eftir föngum leita eftir sjónarmiðum og tillögum íbúa, umsagnaraðila og annarra þeirra sem hagsmuna eiga að gæta. Það skal gert með virkri samvinnu við íbúa og aðra

hagsmunaaðila gegnum allt skipulagsferlið. Séð skal til þess að upplýsingar um skipulagsferlið og gögn, sem varða skipulagsgerðina, séu aðgengileg á vinnslutímanum.

Haft skal samráð við þá aðila sem fjalla um eða fara með þá málaflokka sem skipulagið nær til og kveðið er á um í öðrum lögum.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að allri starfsemi og landnýtingu innan fólkvangsins sé markaður skýr rammi í skipulaginu og lögð áhersla á samræmi við friðlýsingarskilmála og markmið friðlýsingar.

### **Samþykki stofnunarinnar**

Í drögunum segir: „*Umsögn Umhverfisstofnunar um skipulag þetta jafngildir samþykki stofnunarinnar fyrir útgáfu sveitarfélagsins á framkvæmdaleyfi fyrir skipulögðum framkvæmdum.*“

Umhverfisstofnun telur staðhæfinguna vera ranga, en í friðlýsingarskilmálum fyrir fólkvanginn segir að allar framkvæmdir innan fólkvangsins séu háðar leyfi Dalvíkurbyggðar og Umhverfisstofnunar. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við samþykkt skipulag og verndaráætlun, en svæðið skal skipulagt til almennrar útivistar.

Umhverfisstofnun veitir hér með umsögn um drög að deiliskipulagi fyrir fólkvanginn sbr. 68. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 og tekur stofnunin fram að umsögn þessi jafngildir ekki leyfi til framkvæmda og þarf að sækja um það sérstaklega til stofnunarinnar.

### **Forsendur og gestir**

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í forsendum tillögunnar hver sé áætlaður fjöldi gesta sem mun heimsækja fólkvanginn. Með þeim forsendum væri hægt að rökstyðja umfang tillögunnar, umfang skíðasvæðis, stærð bílastæðis, þjónustubyggingar og áningarstaða, og umfang göngustíga.

### **Sérstök vernd náttúruverndarlaga**

Umhverfisstofnun bendir á að votlendi innan skipulagssvæðisins fellur undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Hægt er að sjá útbreiðslu votlendisins á vefsíðu Náttúrufræðistofnunar Íslands. <https://serstokvernd.ni.is/>.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um votlendið í tillögunni, að það komi fram að votlendið falli undir ákvæði 61. gr. laganna og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal leyfisveitandi, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruyfyrirbæri sem verða fyrir röskun.

### **Skógrækt og votlendi**

Tillagan gerir ráð fyrir skógræktarsvæði sem nær yfir votlendi sem fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að skógræktaráform séu í samræmi við ákvæði laganna. Umhverfisstofnun telur að á þeim svæðum, sem ná til votlendis, geti framkvæmdin haft neikvæð umhverfisáhrif á votlendið.

### **Skógrækt og erlendar tegundir**

Í greinargerð kemur fram að núverandi og fyrirhugað skógræktarsvæði eru/verða með blönduðum erlendum trjátegundum og runnum.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda er ræktun útlendra plöntutegunda óheimil á friðlýstum svæðum, s.s í fólkvanginum og svæðum sem njóta sérstakrar verndar eða eins og segir í greininni: „Öll ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum sem njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 500 metra hæðar yfir sjó.“ Að mati Umhverfisstofnunar eiga framangreind ákvæði erindi í skilmála framkvæmdaleyfisins.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að gróðursettar verði innlendar trjátegundir, þ.e. ilmbjörk, reyniviður, gulvíðir eða loðvíðir. Umhverfisstofnun telur einnig mikilvægt að plantað sé fjölbreyttum trjátegundum, en með gróðursetningu á fjölbreyttum trjátegundum mun líffræðilegur fjölbreytileiki aukast og við það eykst seigla skógarins gagnvart sjúkdómum og sníkjudýrum.

### **Skógrækt og ásýnd**

Auk þess segir í 70. gr laga um náttúruvernd þar sem fjallað er um ræktun: „Við túnrækt, skógrækt, uppgræðslu lands, skjólbeltagerð og aðra ræktun skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og

*menningarminjum. Við gerð áætlana, mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu umsókna vegna leyfisskyldrar ræktunar skal taka afstöðu til þessara atriða.*“

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að huga að sjónrænum áhrifum skógræktar, þannig að ekki vaxi upp ferningslaga ræktunarsvæði heldur verði fylgt fornum landslags eins og kostur er og tekið tillit til sérkenna landslags á hverjum stað. Til að unnt verði að ná þessum markmiðum ætti að hanna skógrækt á hverjum stað.

### **Vistgerðir og fuglalíf**

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðin starungsmýravist og língresis- og vingulsvist sem eru með mjög hátt og hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Í starungsmýravist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíka vistgerð til varps. Umhverfisstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

Tillagan gerir ráð fyrir raski á vistgerðum sem hafa hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins, auk þess gerir tillagan ráð fyrir raski á búsvæðum fuglategunda sem eru ábyrgðartegundir Íslands.

Í skýrslu NÍ frá árinu 2012 er nefnist „*Vöktun íslenskra fuglastofna - Forgangsröðun tegunda og tillögur að vöktun*“ eftir Guðmund A. Guðmundsson og Kristin Hauk Skarphéðinsson segir m.a. að talað sé um ábyrgðartegundir einstakra landa ef stór hluti einhvers dýrastofns byggir afkomu sína á tilteknum svæðum innan einstakra þjóðríkja. Þetta er vegna þess að innan þeirra ríkja finnast vistir sem henta þeim dýrum en eru sjaldgæfar á heimsvísu. Einnig segir í skýrslunni að Íslendingar beri mikla ábyrgð á mörgum stofnum fugla, sem annaðhvort verpa hér í óvenju ríkum mæli eða að stór hluti viðkomandi stofns fari hér um á ferðum sínum á vorin og að hausti. Miðað er við að um 20% af Evrópustofni viðkomandi tegundar nýti Ísland til varps, eða komi hér við á ferðum sínum, svo að tegund flokkist sem ábyrgðartegund.

Í greinargerð kemur fram að með skógræktinni munu búsvæði og vistkerfi breytast staðbundið og búsvæði breytast og má m.a. gera ráð fyrir að spörfuglar og fleiri dýr komi sér í auknum mæli fyrir í skógræktarreitunum þegar trén vaxa upp.

Umhverfisstofnun bendir á að margar ábyrgðartegundir Íslands eru vaðfuglar/mófuglar sem nýta sér flatlendi með lággróðri og votlendi til að byggja á afkomu sína. Með skógrækt verður til annars konar búsvæði sem aðrar fuglategundir kunna að nýta sér, líkt og ýmsar spörfuglategundir, en Umhverfisstofnun bendir á að þessar tegundir fugla eru ekki ábyrgðartegundir Íslands.

Ekki er gerð nægjanleg grein fyrir áhrifum fyrirbyggjandi skógræktar á svæðið og hvort sé um að ræða svæði sem getur talist búsvæði fugla sem eru ábyrgðartegundir að mati Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni og hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á ofangreindar vistgerðir og búsvæði

fuglanna. Umhverfisstofnun telur að skógræktaráform og fyrirhugaðir hjólastígar geti haft neikvæð áhrif á gróðurfar og fuglalíf í fólkvanginum.

Tillagan gerir ráð fyrir tveimur skógræktarsvæðum þar sem það nyrðra er áætlað 10 ha að stærð. Umhverfisstofnun bendir á að jaðaráhrif eru hlutfallslega meiri fyrir minni skóga en stærri og á það við um jaðaráhrif á það lífríki sem byggir afkomu sína í skóginum og þess lífríkis sem nýtir flatlendi umhverfis skóginn. Umhverfisstofnun telur það valda minni umhverfisáhrifum, m.t.t. votlendis og mögulega ábyrgðartegunda fugla, ef skipulagður yrði einn stór skógur í stað tveggja minni skóga.

### **Vegur**

Í greinargerð kemur fram að heimilt er að bæta núverandi vegslóða frá Böggvisbraut upp að Böggvisdal svo að hann verði fær fólksbílum.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í tillögunni hvernig vegurinn samræmist friðlýsingarskilmálum fyrir fólkvanginn.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 2. mgr. 32. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd skulu sveitarfélög við gerð aðalskipulags gera tillögu að skrá á stafrænum kortagrunni um vegi aðra en þjóðvegi í náttúru Íslands þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil. Sveitarfélög skulu í tillögunni flokka vegina í samræmi við flokkun skv. 4. gr. reglugerðar nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands. Auk þess bendir stofnunin á að vinnu samkvæmt ákvæði þessu skal lokið fyrir árslok 2020.

Við gerð skrárinnar fyrir vegi sem liggja innan fólkvangsins þarf sveitarfélagið að hafa samráð við Umhverfisstofnun og vegaskráin er jafnframt háð samþykki stofnunarinnar. Skráin hlýtur samþykkt samhliða afgreiðslu aðalskipulags eða breytinga á aðalskipulagi, sbr. 32. og 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Umhverfisstofnun vill benda á leiðbeiningar Skipulagsstofnunar varðandi þennan þátt á heimasíðu stofnunarinnar [https://www.skipulag.is/media/vegir-i-natturu-islands/vegirinatturuislands\\_v4.pdf](https://www.skipulag.is/media/vegir-i-natturu-islands/vegirinatturuislands_v4.pdf)

### **Skíðalyftur**

Í greinargerð kemur fram að gert er ráð fyrir endurnýjun núverandi efri lyftu, þar sem upphafsstöð hennar verði færð til norðurs og hún lengd úr 425 m í u.þ.b. 900 m, endastöð hennar verður því í 465 m.y.s í stað 325 m.y.s. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um og settir fram skilmálar um frágang eldri efri lyftu. Umhverfisstofnun telur að stærri lyfta geti haft áhrif á ásýnd svæðisins.

### **Byggingar**

Í greinargerð kemur fram að hámarks hæð bygginga og hámarks byggingarmagn (grunnflatarmál) er tilgreint á skipulagsuppdraetti. Umhverfisstofnun telur æskilegt að skilmálar vegna hæðar bygginga og byggingarmagn séu í greinargerð deiliskipulagsins.

### **Fjallahjólabrautir**

Í greinargerð kemur fram að heimilt er að leggja eins margar brautir og áhugi er fyrir án þess að skilgreina þær sérstaklega í deiliskipulagi. Umhverfisstofnun telur skilmála tillögunnar vera óljósa og að umhverfisáhrif brautanna gætu orðið umtalsverð.

Umhverfisstofnun bendir á að í 6. gr. friðlýsingarskilmála fyrir fólkvanginn segir, *óheimilt er að spilla gróðri og trufla dýralíf í fólkvanginum*

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um umfang fjallahjólabrauta í tillögunni, þær skilgreindar á uppdrætti og settir skilmálar um vöktun á raski.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að samkvæmt 19. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að þegar farið er á reiðhjólum um landið skal fylgt vegum og skipulögðum reiðhjólástígum eins og kostur er.

#### **Vélsleðaleiðir**

Í greinargerð kemur fram að svæði fyrir umferð vélsleða er skilgreint norðan Löngulautar í gegnum fólkvanginn sem leið inn á Böggvisstaðadal og upp á fjallgarðinn. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að umhverfisáhrif vélsleðaleiðar séu metin í tillögunni.

#### **Landmótun**

Í greinargerð kemur fram að heimilt er að móta land á skilgreindu skíðasvæði, s.s. slétta úr hólum, slétta brekkur og fjarlægja grjót. Umhverfisstofnun telur umfang landmótunar vera óljósa og bendir á mikilvægi þess að umhverfisáhrif landmótunar séu metin í tillögunni.

#### **Fráveita**

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitu og skólp.


#### **Tillaga að deiliskipulagi**

Í erindinu kemur fram að hér er um drög að deiliskipulagi fyrir fólkvanginn í Böggvisstaðafjalli að ræða. Umhverfisstofnun óskar eftir því að fá kynningu á verkefninu og tillagan verði send til stofnunarinnar til umsagnar, sbr. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson  
sérfræðingur